

**Mál nr. 30/2021****M og  
V vegna slysatryggingar fjölskyldutryggingar.****Slyshugtakið. Tannbrot vegna falls 11. desember 2020.****Gögn.**

Málskot móttakið 20. janúar 2021, ásamt fylgigögnum.

Bref V til nefndarinnar, dags. 2. febrúar 2021, ásamt vátryggingarskilmálum og tjónstilkynningu M til V dags. 14. desember 2020.

**Málsatvik.**

Í málskoti M kemur fram að hún hafi gengist undir hnéaðgerð að morgni 11. desember 2020 þar sem hún var svæfð. M var send heim eftir aðgerðina og um kl. 14 sama dag kveðst hún hafa rankað við sér á gólfi heima hjá sér eftir að hafa „... fallið beint á andlitið, væntanlega vegna yfirliðs (á væntanlega að standa yfirliðs) sökum svæfingarinnar.“. M lýsir afleiðingum fallsins með þeim hætti að tvær framtennur hennar hafi brotnað við fallið og er það staðfest í áverkavottorði tannlæknis dags. 15. desember 2020.

M telur að fall hennar megi rekja til utankomandi atburðar þar sem það hafi verið bein afleiðing svæfingar. M telur yfirlið hennar vera vegna utanaðkomandi atburðar þar sem ekkert í hennar sjúkrasögu skýri yfirliðið. Þannig telur M að túlka eigi vátryggingarskilmála V með þeim hætti að fall hennar hafi verið bæði utankomandi og ófyrirsjáanlegt.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að skv. tjónstilkynningu hafi M misst meðvitund á heimili sínu með þeim afleiðingum að tennur brotnuðu og í áverkavottorði tannlæknis hafi verið haft eftir M að hún hafi fallið í yfirlið. V vísar til orðalags 4. kafla vátryggingarskilmála um slysatryggingu í frítíma fjölskyldutryggingar M þar sem komi fram að með orðinu slys sé át við skyndilegan, utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans. V telur ekki sýnt að utanaðkomandi atburður hafi leitt til falls M heldur hafi það verið vegna innri orsaka, þ.e. yfirliðs hennar.

**Álit.**

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að M hafi sjálf lýst aðdraganda líkamstjóns síns þannig við V í tjónstilkynningu dags. 14. desember 2020 að hún hafi „...misst meðvitund heima, datt á andlitið og braut tennur.“

Í vátryggingarétti er orðið slys gjarnan skýrt sérstaklega í vátryggingarskilmálum vátryggingafélaga með þeim hætti að það þurfi að vera um að ræða skyndilegan, utanaðkomandi atburð sem valdi meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans. Slík skilgreining kemur fram í 4. kafla skilmála slysatryggingar í frítíma fjölskyldutryggingar hjá V.

Í dómaframkvæmd Hæstaréttar Íslands, þ.á.m. dóms réttarins í málum nr. 412/2011 og 128/2013, segir að fall, sem ekki sé sýnt að rekja megi til svima, sjúkdóma eða annars innra ástands í líkama þess sem hlýtur líkamstjón, sé slys í skilningi vátryggingarskilmála. Af þeim dómum má einnig ráða að þegar fall sé rakið til svima, sjúkdóma eða annars ástands í líkama vátryggðs þá sé ekki um að ræða utanaðkomandi atburð m.t.t. hefðbundinnar skýringar á slyshugtaki vátryggingaréttar. Verður ekki annað sé en að meðvitundarmissir M í þessu máli verði rakinn til innra ástands í líkama hennar en ekki til utanaðkomandi atburðar. M á því ekki rétt á bótum vegna tannbrots úr slysatryggingu í frítíma fjölskyldutryggingar hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu í frítíma fjölskyldutryggingar sinnar hjá V

Reykjavík, 2. mars 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.